

Símenntun á Vesturlandi Fundargerð

130. stjórnarfundur Símenntunar haldinn miðvikudaginn 10.07.2025, kl. 11:00 á Teams. Mætt: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Áshildur Bragadóttir, Alexander Kristinsson, Jóhanna María Sigmundsdóttir og Guðrún Vala Elísdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

Formaður setti fund og bauð Alexander Kristinsson velkominn en hann kom inn í stjórn sem aðalmaður eftir síðasta aðafund.

- 1. 6. mánaða uppgjör (drög):** Framkvæmdastjóri kynnti 6 mánaða uppgjör Símenntunar. Rekstrartekjur eru ívíð lægri en frá fyrra ári, tekjur vegna námskeiða eru hærri. Launakostnaður er lægri en námskeiðskostnaður hærri vegna fleiri námskeiða. Hagnaður er 6.070.365 kr., en var 15.112.981 2024. Framkvæmdastjóri fór yfir sundurliðanir á rekstri.
- 2. Staða verkefna:**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu verkefna, á síðustu önn voru kenndar fjórar FRÆ námsleiðir; Íslenska og atvinnulíf, Nám í stóriðju, Fagnám í umönnun fatlaðra, og Skref til sjálfshjálpar.

Tekin hafa verið rúmlega 200 viðtöl í náms- og starfsráðgjöf. Raunfærnimatið fór rólega í gang en núna eru nokkrir einstaklingar í ferli í raunfærnimati í félagsliða, leikskólaliða, stuðningsfulltrúa, sjúkraliða, verslunarfagnámi, o.fl.

Búin eru 11 íslenskunámskeið af þeim fimmtán sem sótt var um fyrir.

Fræðslustjóraverkefni í farveginum s.s. FSSS- Akranes- Hve.

Fjölmenningsgaskóli Vesturlands er með fjölmörg verkefni í gangi. Starfsþróun starfsfólks er á fullu, þrjár starfskonur fóru til Noregs á ráðstefnu um tungumálanám o.fl., tvær fóru á Spán á námskeið um inngildingu og fjölmenningu og einn starfsmaður er á námskeiði í Portúgal í samskiptafærni. Öll þessi námskeið og ferðir eru greidd af starfsmenntarstyrk Erasmus+. Annað sem hefur verið í gangi eru fjölmörg skyndihjálparnámskeið m.a. barnapíu námskeið í Borgarnesi, námskeið fyrir fatlaða, námskeið í tengslum við fræðslustjóraverkefni (Borgarbyggð og Höfði).
- 3. Önnur mál:**

Fundur var haldinn í vor með ráðuneytinu, þetta er fundur sem á að vera árlega af frumkvæði þess, en var nú í fyrsta sinn eftir að núverandi framkvæmdastjóri tók við störfum. Í stuttu máli gekk fundurinn vel, farið var yfir verkefni Símenntunar og rekstur og fékk Símenntun mikið hrós fyrir vel unna ársskýrslu og ársreikning sem telst bæði

upplýsandi og mjög skýr. Á fundinum kom framkvæmdastjóri þeirri hugmynd á framfæri að stöðugildi íslenskufulltrúa yrði skipað við allar fræðslumiðstöðvar á landinu í því skyni að styrkja og efla íslenskt mál. Var hugmyndinni vel tekið.

Framkvæmdastjóri sagði frá töfum á greiðslum styrkja til fræðslustöðva vegna flutnings framhaldsfræðslunnar aftur yfir menntamálaráðuneytið. Þetta hafði óþægindi í för með sér fyrir marga, en er nú vonandi komið í lag.

Framkvæmdastjóri fjallað örstutt um breytingar á lögum 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. Staðfestri skipulagsskrá. Felst breytingin í því að gerðar eru auknar kröfur varðandi hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og skipaðra fjárvörsluaðila sjóða og stofnana. „[...] hafi hlutaðeigandi einstaklingar á síðustu þremur árum hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur fyrri verknað sem brýtur gegn þar greindum lögum, sé hann ekki bæt til að sitja í stjórn sjóðs eða stofnunar. Missi þessir aðilar hæfið skulu þeir upplýsa sýslumann.“ Enn fremur segir að stofnun skuli í síðasta lagi 31. Ágúst ár hvert senda embættinu áritaðan ársreikning og tilkynna hverjir skipi stjórn, ella sæta stjórnvaldssekt. Framkvæmdastjóri áréttaði að búið væri að uppfylla þessar skyldur í ár.

Rætt var um breytingar hjá VMST, samstarf við stofnunina, starfsmannamál Símenntunar og hvað væri fram undan. Umræður um á íslensku kennslu og hvort væri hægt að tengja frammistöðu nemenda við launaþróun.

Símenntun verður lokuð frá og með 14. júlí til 5.ágúst vegna sumarleyfa.

Ákveðið að halda næsta stjórnarfund í Borgarnesi þann 29. Ágúst kl. 11:00 og mun framkvæmdastjóri senda út boð sem fyrst til að festa daginn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:51.